

67. kirkjuþing 2025-2026

19. mál - þskj. 19a

T I L L A G A

til þingsályktunar um sniðmát fyrir hollvinafélög sókna.

Flm. Sigurður Grétar Sigurðsson

Kirkjuþing felur biskupi Íslands/þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar að láta útbúa lögmætt sniðmát fyrir hollvinafélög sem allar sóknir gætu nýtt sér hafi þær hug á að stofna slíkt félag.

Greinargerð.

Fjölmargar sóknir glíma við fjárhagsvanda. Einhver dæmi eru um að stofnuð hafi verið hollvinafélög sem mynda eins konar bakland fyrir viðkomandi sókn og má nefna Hollvinafélag Hallgrímskirkju í Saurbæ í því samhengi. Slíkt félag þarf að vera löglegt og e.t.v. háð einhverjum skilyrðum af hálfu Þjóðkirkjunnar. Slík félög eru líkleg til að laða til sín velunnara hvaðanæva s.s. brottflutt sóknarbörn. Skapalón þetta lægi fyrir á vorfundi þessa kirkjuþings.

Kostnaður við tillöguna:

Líkast til einhverjir klukkutímar eða örfáir dagar af hálfu lögfræðings í Þjónustumiðstöð.